



ICELANDIC A1 – HIGHER LEVEL – PAPER 1
ISLANDAIS A1 – NIVEAU SUPÉRIEUR – ÉPREUVE 1
ISLANDÉS A1 – NIVEL SUPERIOR – PRUEBA 1

Tuesday 3 May 2005 (morning)
Mardi 3 mai 2005 (matin)
Martes 3 de mayo de 2005 (mañana)

2 hours / 2 heures / 2 horas

INSTRUCTIONS TO CANDIDATES

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a commentary on one passage only.

INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un commentaire sur un seul des passages.

INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario sobre un solo fragmento.

Fjallið um **annan** af eftirfarandi textum:

1. (a)

Ylur minninganna 4

Það var að birta en grasið var enn dimmt og sama gilti um okkur sem lágum í grasinu. Þegar Einar hafði slökkt í vindli á handarbakinu dustaði hann sig, vafði teppinu betur utan um sig og annaðist þann nauðsynlega undirbúning sem þarf til að hefja langt mál:

5 „Nú segi ég ykkur sögu sem gerðist eða gerðist ekki. Það er alveg einsog með ástina. Enginn veit hvort hún er eða er ekki. Og þess vegna leyfi ég mér að segja þessa sögu.“

„Einar, heimspekingur!“

„Já, hvað með það.“

„Ekkert.“

„Já, ef það er ekkert skuluð þið þegja.“

10 Í útjaðri þorpsins þarsem mamma okkar fæddist beið fjölskylda mömmu sparibúin. Pabbi hennar svartklæddur með hatt.

Mamma hennar í síðum svörtum pels yfir síðum svörtum kjól og með hatt. Ungir bræður hennar með vel greitt hár, skyrtuhnappa, brjóstnælur, gullhringi og gullhnappa í skyrtukraganum, en í óburstuðum skóm. Takiði eftir því. Systur hennar með uppsett hár, eyrnalokka og hálsmen úr gulli.

15 Þær voru í kápum, faldurinn var hærri en faldur móðurinnar.

Hafiði séð myndina sem var tekin þegar þau tóku á móti líkinu af mömmu?

Nei, það hafið þið ekki, því hún er ekki til.

20 Pabbi lagði kistuna við fætur fjölskyldunnar. Foreldrar mömmu lutu höfði og færðu sig nær kistunni. Elsti bróðir mömmu greip þétt um hönd pabba og þrýsti upphandlegg hans með hinni hendinni. Síðan gerði sá næsti eins, og þá sá þarnæsti. Pabbi var klæddur í bláa þykka úlpu og hrósaði henni yfir því að fá ekki marblett á upphandlegginn, en alltaf síðan langaði hann til að merkja staðinn með einhvers konar táknrænu tattói. Hvað það átti að vera vissi ég aldrei, en hefði ég mátt ráða hefði ég skrifað, á miðjan upphandlegg hans:

Hér hætti ég að vera maður.

25 Þegar bræðurnir höfðu þrýst pabba svona tóku þeir sér stöðu hjá foreldrum sínum við kistuna og systur mömmu komu til pabba, hver þeirra faðmaði hann að sér og hvíslaði hvatningarorðum í eyru hans. Síðan tóku þær sér stöðu með foreldrum sínum og bræðrum hjá kistunni. Pabbi stóð á lengdar og horfði á álútan hópinn í nokkrar sekúndur. Síðan setti hann derhúfuna sem hann hafði tekið ofan á höfuðið og sneri hljóðlega við. Hann var ekki lengi að láta sig hverfa án eftirtektar því

30 hinum megin við götuna stóð bensinstöð. Þar settist hann niður í eitt hornið og fékk sér kaffi.“

Einar bróðir minn þagnar. Hann hellir tei úr brúsanum í bolla.

Kristín Ómarsdóttir, *Elskan mín ég dey*, 1997

1. (b)

Vötn þín og vængur

En tíminn sé flöktandi ljósbrot af vængjaðri löngun minni
og leiti þar hvíldar sem vatnið er deyjandi iða á grjóti
en vorið það beri ilminn af jarðarangan sinni
að aftanskini sem leikur við straumþungann uppí móti;

5 að snerting augans við himin sé jörðin í hvítu ljósi
og hvíslandi morgunn vaxi að endurskinslausu kveldi
en tungl fari mjúkum fingrum þann deyjandi dag að ósi
og dauðinn sé snark í glóðum af lúnum kulnandi eldi;

10 að þú sért sólgylltur vængur hljóðlátra vatna minna
og vorið sem angaði forðum sé blærinn í hjarta þínu
en fölnað laufið það vitji svo aftur vængja sinna
og vaxi með ilm af stjörnum til skuggans í brjósti mínu.

Matthías Johannessen, *Vötn þín og vængur*, 1996
